

um, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, 164 er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. 17. nóv.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

R E G L U G E R Ð

165

um fasteignaskatt í Neskaupstað.

17. nóv.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Neskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- | | |
|--|------|
| 1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum | 2 % |
| 2. — húseignum og öðrum mannvirkjum | 1 % |
| 3. — túnnum, gördum, reitum og öðrum lóðum og lendum | 0.5% |

3. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 67 frá 1945. Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna eftir heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppa, og nái virðingin ekki kr. 100.00 greiðist enginn skattur.

5. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

6. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur innan tveggja mánaða, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt lögum um útsvör.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veð-

165 kröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga, 17. nóv. er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

166

17. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 175 1951, um menntaskóla.

1. gr.

73. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Agi skólanna skal miða að því að friða um starf þeirra og ala með nemendum iðjusemi, hófsemd og prúðmennsku. Skulu kennarar og nemendur leitast við í sam-
einingu að glæða heilbrigðan anda í skólunum.

Nemendur mega aldrei ölvaðir vera eða á þeim sjást, að þeir hafi neytt áfengis. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlegu úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti þess í hibýlum skólans eða vanræki störf sakir vinneyzlu, ber skólastjóra að gera ráðuneytinu aðvart og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi.

Nú gerist nemandi á annan hátt brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er stórt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, enda hafi forráðamanni hans, ef til næst, verið gert aðvart um brotið. Þó getur brot nemanda verið þannig vaxið, að skólastjóri megi vísa honum burt tafar- og skilyrðislaust.

Skólastjórn getur og vikið frá prófi eða synjað um próf, einnig stúdentspróf, utanskólanemanda, sem gerzt hefur brotlegur við almennt velsæmi eða landslög.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 58/1946, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 17. nóvember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius